

Til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Efni: Umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum; þingmál 467.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tók til umfjöllunar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum á 210. fundi sínum þann 3. maí 2018.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis:

- Frumvarpið mun þyngja til muna og lengja matsferli framkvæmda og þá heildar framkvæmdatíma. Þetta mun skapa óvissu og vera verulega íþyngjandi fyrir stjórnábyrgð og framkvæmdaaðila.
- Stytting gildistíma umhverfismats er óraunhæft í ljósi staðreynda. 5 ár er ekki langur tími þegar um er að ræða flóknar framkvæmdir. Þetta mun auka pressu og fjölga kærumálum sem valda munu enn frekari óvissu en nú er. Lagt er til að gildistími haldist óbreyttur frá núgildandi lögum, 10 ár.
- Ef frumvarpið verður óbreytt, að þessu leyti, að lögum mun það án efa kalla á verulega aukinn kostnað sem komi til með að falla á almenning þegar öllu er á botninn hvolft.
- Frumvarpið er ekki að ná meginmarkmiði tilskipunar 2014/52/ESB um einföldun ferla við umhverfismat.
- Nauðsynlegt er að taka lög um mat á umhverfisáhrifum til endurskoðunar frá grunni. Í því sambandi má færa sterk rök fyrir því að endurskoða og samþætta önnur lög s.s. lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og skipulagslög 123/2010. Nauðsynlegt að líta á feril framkvæmda heildstætt til þess að samráð, álit og forsendur kærumála komi fyrr fram í undirbúningsferli framkvæmda. Það verklag sem er viðhaft í dag við kærumál vegna afgreiðslu til þess bærra stofnana á mati á umhverfisáhrifum eða útgáfu framkvæmdaleyfa er með öllu óásættanlegt. Mikill tími og kostnaður fer í síendurtekin kærumál, þá sér í lagi á síðari stigum framkvæmdaferla, eykur til muna tíma og kostnað sem að lokum kemur til með að falla á almenning í landinu.

Virðingarfyllt,

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Netfang: valtyr@blaskogabyggd.is

Heimasíða: <http://www.blaskogabyggd.is>

Aratunga / 801 Selfoss

s. 480-3000